

Skipulagsstofnun
Jóhanna Hrund Einarsdóttir
Katrínartúni 2
105 Reykjavík

Garðabær, 15. maí 2025
202504-0138/A.B.
08.03

Efni: Umsögn - Mat á umhverfisáhrifum - Vegabætur á Landvegi (26) frá vegamótum að Áfangagili að Þjórsárdalsvegi Landsvirkjun.

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar, dags. 23. apríl 2025, þar sem óskað er umsagnar Náttúruverndarstofnunar um ofangreinda framkvæmd og hvort hún skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Framkvæmdarlýsing

Samkvæmt greinargerð felst framkvæmdin í endurbótum á um 13 km löngum kafla Landvegar (26) í Rangárþingi ytra, þar sem núverandi malarvegur verður lagður með bundnu slitlagi. Verkefnið er samstarfsverkefni Landsvirkjunar og Vegagerðarinnar og miðar að bættum vegasamgöngum og greiðari aðkomu að aflstöðvum á hálendinu.

Framkvæmdin fellur undir tilkynningarskyldu samkvæmt lögum nr. 111/2021 um mat á umhverfisáhrifum. Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda umtalsverðum umhverfisáhrifum og skuli því ekki háð mati.

Þjórsárhraun

Framkvæmdasvæðið liggur um Þjórsárhraun, sem nýtur verndar samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013.

- Þótt hraunið sé að hluta hulið gjósku og lítt sýnilegt, er mikilvægt að draga úr raski eins og unnt er.
- Náttúruverndarstofnun leggur áherslu á að efnistaka fari eingöngu fram á skilgreindum, áður röskuðum svæðum og að jarðmyndanir séu verndaðar.

Lífriki

Greinargerðin gerir ráð fyrir raski á lítt grónum vistgerðum og bendir á fábrotið fuglalíf á svæðinu. Samkvæmt 6. gr. náttúruverndarlaga ber stjórnvöldum að stuðla að vernd líffræðilegrar fjölbreytni.

- Því þarf að meta hvort unnt sé að forðast framkvæmdir á varptíma fugla til að lágmarka röskun á mögulegu varpi.

Landslag og ásjúnd

Svæðið einkennist af víðáttumiklu og viðkvæmu landslagi.

- Því er mikilvægt að móta skeringar og vegfláa með tilliti til náttúrulegra forma og ganga snyrtilega frá efnistökusvæðum með landmótun og gróðursetningu (ef það á við).

- Á framkvæmdatíma skal leitast við að lágmarka sjónræn áhrif með því að takmarka umfang vinnusvæða og haugsetningar.
- Við hönnun og framkvæmd mannvirkja skal tekið mið af ásýnd lands samkvæmt 3. og 69. gr. náttúruverndarlaga.

Niðurstaða

Náttúruverndarstofnun telur að framkvæmdin muni ekki valda umtalsverðum varanlegum umhverfisáhrifum. Hins vegar má gera ráð fyrir tímabundnum neikvæðum áhrifum á framkvæmdatíma vegna ryks, hávaða, röskunar á lífríki og upplifun af svæðinu.

Stofnunin leggur ríka áherslu á að fylgt verði eftir þeim mótvægisaðgerðum sem tilgreindar eru í greinargerð og að frágangur framkvæmdasvæða verði vandaður. Einnig skal tryggja vöktun í samræmi við markmið um sjálfbæra nýtingu og náttúruvernd.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Hákon Ásgeirsson

sviðsstjóri